




Listin að lesa
og skrifa



ÍVALI

RÍM

b





Val, val

Vá, val! sagði Lára.

Vá, vá! sagði Valur.

Valur er í vali
og Lára er í vali.

Valur er 7 ára
og Lára er 8 ára.

Hvar eru krakkarnir? Hvaða stafir eru á peysunum þeirra?
Hvað ætli krakkarnir heiti? Hvað sést út um gluggann?



Rím og lím

Ég vel rím,
sagði Valur.

Og ég vel rím,
sagði Emil.

Ég vel ekki rím,
sagði Lára, ég vil líma.



Og ég vil líma,
sagði Vera.

Lára límir **L** á mál.

Vera límir **V** á vasa.

Lára og Vera líma vel.

Hvaða dót sérðu á hillunni? Hvað eru stelpurnar að gera?
Á hvað eru stelpurnar að líma? Hvað er strákurinn að gera?




Vísur

Rímar móa og Lóa?
sagði Emil.

Móa og Lóa rímar
og mó og ró rímar,
sagði Valur.

Valur og Emil ríma.

- 4 Í hvaða króki eru strákarnir? Búðu til orð sem byrja á stöfunum sem eru á veggnum? Hvað er undir borðinu? Hver notar gleraugu?



Ég sem vísu
sagði Valur:

Mús í móa
sagði Lóa.

Og ég sem vísu
sagði Emil:

Lóa í mó
lúrir í ró.





Rósir og úr

Ég sel rósir í vasa,
sagði Valur.

Og ég sel vasa-úr,
sagði Emil.

Ég vil vasa-úr,
sagði Rósa.



Ég vil ekki vasa-úr,
sagði Íris.

Ég vil rósir í vasa.

Emil selur Rósu
vasa-úr.

Valur selur Írisi
rósir í vasa.

Hvaða hlutir eru á borðinu? Hvað eru eplin mörg?
Hvað eru mörg blóm í vasanum?



Emil og Vera lesa

Ég vil lesa, sagði Vera.

Og ég vil lesa, sagði Emil.

Vera les um sel
sem er á mel.

Emil les um lús
sem er á mús.



Nokkur orð um notkun bókar

Æskilegt er að nemandi og kennari/foreldri skoði bókina saman áður en lesturinn hefst og ræði efni hennar m.a. út frá titli, myndum og kaflaheitum. Leggja skal áherslu á að nota orðin sem koma fyrir í textanum. Það auðveldar barninu lesturinn. Neðst á hverri blaðsíðu eru nokkrar spurningar sem styðjast má við. Gagnlegt er að ræða þær áður en hver síða er lesin.

Á vef Menntamálastofnunar eru verkefnablöð með sögunni.

Í vali

Lestrarbók 4a

ISBN 978-9979-0-2516-0

© 2003 Arnheiður Borg og Sigrún Löve

© 2003 teikningar Jean Posocco

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa

2. útgáfa

Menntamálastofnun

Reykjavík

Útlit, setning, umbrot: Námsgagnastofnun

Prentun: Viðey ehf.



Lestrarkennsluefnið

Listin að lesa og skrifa

er fyrir byrjendur í lestri
og byggir fyrst og fremst á hljóðaaðferð.

Efnið skiptist í fjórar vinnubækur,
litlar lestrarbækur, lesspil, verkefni o.fl.

Í þessari bók eru bókstafirnir
í, ó, s, á, l, a, i, r, v, m, ú og æfðir ásamt
orðmyndunum *og, ekki, sagði* og *ég*.

Höfundar texta eru
Arnheiður Borg og Sigrún Löve.
Myndir gerði Jean Posocco.



MENNTAMÁLASTOFNUN

40257